



Borgarráð

Tillaga að forsendum við hönnun Náttúru- og fræðsluhúss í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Lagt er til að borgarráð samþykki að hönnunarforsendur nýs Náttúru- og fræðsluhúss í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum gangi út frá samnýtingu fermetra fyrir safnfrístund að verulegu leyti og verði hámarksstærð Náttúru- og fræðsluhússins því 1.450 m². Æskilegt væri að hægt yrði að stækka bygginguna og bæta við aukasal (um 200 m²) í síðari áfanga ef aftur vaknar áhugi á veglegri vísinda- og upplifunarsýningu í samvinnu við ríkið.

Greinargerð

Árið 2017 var unnin forsogn að Náttúru- og fræðsluhúsi fyrir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Það kæmi í stað húsa og tjalda sem að hluta hafa þegar verið fjarlægð eða hafa fokið og voru um 700 m². Þarfagreiningin var upp á 760 m² fyrir fræðsluáðstöðu, þ.m.t. þrjár kennslustofur og fjölnotasal. Einnig var gert ráð fyrir 387 m² starfsmannaaðstöðu, þ.m.t. búningaaðstöðu. Alls var þarfagreiningin um 1.340 m².

Árið 2019 var unnin þarfagreining fyrir safnfrístund í húsnæðinu fyrir Laugardal. Þarfir hennar voru metnar 464 m² en þar af var 211 m² sýningarsalur vegna mögulegrar vísinda- og náttúrusýningar sem mennta- og menningarmálaráðherra var áhugasamur um. Alls var þarfagreiningin þegar þessum fermetrum hafði að mestu verið bætt við upprunalega þarfagreiningu 1.827 m².

Farið hefur verið yfir þessar eldri þarfagreiningar og lagðar línur með aukna samnýtingu húsnæðis. Nýtt mat skóla- og frístundasviðs er að meginhluti þarfa safnfrístundarinnar megi samnýta með fræðslurýmum Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Viðbótarþörfin vegna starfseminnar auk rýma sem verði samnýtt sé um 100 m². Við þetta minnkar heildarfermetrafjöldinn um 300 m². Áform mennta- og menningarmálaráðherra um sýningu fyrir börn í Laugardalnum hafa einnig verið lögð á hilluna eða sýningunni verið fundinn annar staður. Verður því ekki gert ráð fyrir sal vegna hennar að sinni.

Dagur B. Eggertsson

